

Nd. **548. Frumvarp til laga** [211. mál]
um lántöku vegna Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar).

Flm.: Skúli Guðmundsson, Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson,
Björn Pálsson, Gunnar Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 15 millj. kr., til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar), og verði við það miðað, að vegargerð þessari verði lokið á árinu 1964.

2. gr.

Lán það, er tekið verður samkv. 1. gr., skal endurgreitt af árlegum fjárveit-
ingum til veggarins á fjárlögum, eftir að vegargerðinni er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðar. Er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 15 millj. kr., til framkvæmda við Siglufjarðarveg ytri (Strákaveg). Kostnaðarmesta framkvæmdin við vegargerðina er að gera jarðgöng, um 900 metra löng. Til þess þarf stórvirk tækí, og þarf að halda verkinu viðstöðulaust áfram, eftir að það er hafið, en talið er, að unnt sé að ljúka því á einu ári. Lánsfjáröflun er nauðsynleg í því sambandi, þar sem ekki er mögulegt að fá fjárveitingu til verksins í einu lagi.

Vegargerðin er eitt af mestu áhugamálum Siglfirðinga, enda mjög þýðingarmikil fyrir þá, en jafnframt hagsmunamál Skagfirðinga og fleiri landsmanna. Er brýn þörf að hrinda verkinu í framkvæmd sem allra fyrst.

Frumvarpið er flutt í samráði við Ólaf Jóhannesson, 3. þm. Norðurlandskjör-
dæmis vestra, og Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm., sem sæti eiga í efri deild.